

Fundargerð 344. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg og í beinu streymi
Fundardagur: miðvikudagur 16. júní 2026
Fundartími: 17:00-17:55
Fundarmenn: Árni Eiríksson
Walter Fannar Kristjánsson
Hjalti Guðmundsson
Sigrún Hrefna Arnardóttir
Almar Sigurðsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Walter Fannar Kristjánsson ritaði fundargerð.

1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 327, dags. 10.06.2026

- a) **Mosató 3 hótél L225133; Skógræktar- og landgræðslusvæði SL6 og reitur VÞ11; Leiðréttar stærðir og aukið byggingarmagn; Aðalskipulagsbreyting – 2601073**
Lögð er fram skipulagslýsing sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Breytingin tekur til skógræktar- og landgræðslusvæðis SL6 og verslunar- og þjónustureits VÞ11 í landi Hnauss 2. Með tillögunni er lagt til að afmörkun reits VÞ11 verði skýrð og reiturinn stækkaður inn á hluta svæðis SL6, þannig að heildarstærð reitsins verði 3,5 ha, auk þess sem byggingarmagn innan reitsins verði aukið úr 3.700 m² í 4.500 m².

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að fresta málinu og að boðað verði til fundar með öllum hagaðilum málsins.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að fresta málinu og hafa forgöngu um að boða til fundar með hagaðilum málsins. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram og upplýsa hagaðila um niðurstöðu sveitarstjórnar.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

Hjalti Guðmundsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

- b) **Svarfhólsvegur 1 L229165; Byggingarreitur stækkaður; Deiliskipulagsbreyting – 2603045**

Lögð er fram tillaga óverulegrar deiliskipulagsbreytingar, eftir grenndarkynningu, sem tekur til Svarfhólsvegar 1, L229165. Í breytingunni felst að byggingarreitur aðstöðuhúss er stækkaður um 14 metra til austurs svo byggja megi við það þeim megin. Umsögn barst á kynningartíma og er hún lögð fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir grenndarkynningu. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gögnin verði send Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag vegna Svarfhólsvegar 1, L229165 eftir grenndarkynningu. Sveitarstjórn samþykkir að deiliskipulagið taki gildi

AS AG

með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gögnin verði send Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Súluholtshjáleiga L166391; Efnistaka; Framkvæmdarleyfi – 2601054

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi sem tekur til Súluholtshjáleigu L166391 í Flóahreppi. Í framkvæmdinni felst áframhaldandi efnistaka á 8 ha svæði norðan Önundarholtsvegur í landi Súluholtshjáleigu. Malarnám hefur þegar farið fram í Súluholtshjáleigu en malarefnið er þó að mestu búið í námunni. Eftir að malarefni klárast mun framkvæmdaaðili sprengja klöpp til efnistöku úr námunni. Áætluð efnistaka er 174.500 m³. Gert er ráð fyrir að efnistaka hefjist á vormánuðum 2026 og muni fara fram í 20 ár. Gengið verður frá svæðinu að efnistöku lokinni.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að útgáfa framkvæmdaleyfis verði samþykkt á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis vegna efnistöku í Súluholtshjáleigu L166391 á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Heimiluð efnistaka verði allt að 174.500 m³ á um 8 ha svæði.

Sveitarstjórn gerir kröfur um að eftirfarandi skilyrðum verði framfylgt vegna útgáfu leyfisins:

- Efnistaka er heimil innan svæðisins allt að 174.500 m³.
- Framkvæmdaaðili skal leggja fram tímasetta áætlun um efnistöku og gera grein fyrir lokun námunnar að henni lokinni.
- Ef framkvæmdaaðili hyggst sprengja eða fleyga efni á framkvæmdatímanum skal slíkt gert í samráði við skipulagsfulltrúa og aðliggjandi landeigendur og nágretta sem ætla má að yrðu fyrir ónæði.
- Framkvæmdaaðila verði gert að halda Önundarholtsvegi að efnistökusvæðinu í sambærilegu ástandi og hann er í dag og sinna viðeigandi viðhaldi á honum í samráði við Vegagerðina og aðra framkvæmdaaðila á svæðinu á meðan á efnistöku stendur, umfram það sem getur talist eðlilegt slit vegna daglegrar umferðar um veginn.
- Vegna nálægðar við íbúðarhús við Önundarholtsveg telur sveitarstjórn brýnt að framkvæmdaaðili hugi sérstaklega að rykbindingu á veginum.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

Sigrún Hrefna Arnardóttir vék af fundi við afgreiðslu málsins.

2. Afgreiðslur byggingarfulltrúa UTU bs. nr. 250, dags. 05.05.2026, nr. 251, dags. 20.05.2026 og nr. 252, dags. 03.06.2026 og nr. 253, dags. 10.06.2026

Lagðar fram til kynningar.

3. Niðurstöður íbúakönnunar

Íbúakönnun um hug íbúa til sameiningar var lögð fram samhliða kosningum til sveitarstjórna þann 16. maí síðastliðinn. Svarblöð eru í innsigluðum kjörkassa á skrifstofu sveitarfélagsins. Sveitarstjórn Flóahrepps óskar eftir að byggðapróunarfulltrúi neðri hluta Árnessýslu vinni úr niðurstöðum íbúakönnunar og skili samanteknum niðurstöðum til sveitarstjórnar. Sveitarstjóra falið að fylgja ákvörðun sveitarstjórnar eftir.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. Erindi til sveitarstjórnar – Stofnun kvennakórs í Flóahreppi

Fyrir liggur erindi til sveitarstjórnar vegna nýstofnaðs kvennakórs í Flóahreppi. Í erindinu er óskað eftir stuðningi sveitarfélagsins við kórinn með aðstöðu til æfinga í einhverju af húsnæði

sveitarfélagsins til að styðja við menningartengda starfsemi fyrir konur á öllum aldri í Flóahreppi.

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur jákvætt í erindið og samþykkir að nýstofnaður kvennakór í Flóahreppi fái aðstöðu til æfinga endurgjaldslaust einu sinni í viku í 6 mánuði, frá 1. september. Að þeim tíma loknum verði ákvörðun sveitarstjórnar endurskoðuð. Æfingatímar skráist sem innri leiga í bókhaldi sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Erindi frá íbúum við Hnausveg – Mótmæli við breytingu á Aðalskipulagi Flóahrepps – lóðir VÞ11 Hnaus 2 og SL6 Hnaus

Fyrir liggur erindi frá íbúum við Hnausveg þar sem breytingu á Aðalskipulagi Flóahrepps vegna VÞ11 Hnaus 2 og SL6 Hnaus er mótmælt.

Sveitarstjórn Flóahrepps vísar til bókunar undir lið 1 a) í fundargerð þar sem ákveðið var að boða hagaðila til fundar vegna málsins. Frekari ákvörðun um viðkomandi aðalskipulagsbreytingu er frestað þar til fundur hefur farið fram og unnið hefur verið úr helstu niðurstöðum þess fundar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Erindi til sveitarstjórnar – Breyting úr frístundahúsi í heilsárshús / íbúðarhús í Hnausklettum L235904, F2527933 í Flóahreppi

Fyrir liggur erindi frá Petru Mazetti þar sem óskað er eftir viðbrögðum sveitarstjórnar varðandi óskir eiganda Hnauskletta um að samþykkt verði að breyta frístundarhúsi í heilsárshús eða íbúðarhús. Líkt og fram kemur í erindinu stendur húsið á 14 ha spildu sem skilgreint er sem landbúnaðarland. Ekki er um að ræða skilgreinda frístundabyggð í aðalskipulagi Flóahrepps. Í erindi kemur fram að í allri teikninga- og byggingavinnu hafi verið lögð áhersla á að húsið uppfyllti kröfur gerðar fyrir íbúðarhús/heilshárshús og að farið hafi verið eftir leiðbeiningum í því ferli.

Sveitarstjórn Flóahrepps vísar ofangreindu máli til byggingarfulltrúa sveitarfélagsins m.t.t. byggingareglugerðar og rökstuðnings hönnuðar. Ljóst er að húsið stendur á skilgreindu landbúnaðarsvæði skv. aðalskipulagi sveitarfélagsins. Að mati sveitarstjórnar er jákvætt að íbúðarhús og föst búseta sé á jörðinni þar sem um er að ræða landbúnaðarstarfsemi og aðra starfsemi á landinu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Samþykktir um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps – fyrri umræða

Fyrir liggja samþykktir um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps til fyrri umræðu. Helstu breytingar snúa að fastanefndum og samstarfsverkefnum.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að vísa samþykktum um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps til síðari umræðu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Erindi til sveitarstjórnar – Tillaga um sölu á hlut sveitarfélaga í Orkugerðinni ehf.

Fyrir liggur erindi til sveitarstjórnar þar sem lögð er fram tillaga um að 31,83% eignarhlutur sveitarfélaga í gegnum Sorpstöð Suðurlands b.s verði seldur hæstbjóðanda.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að vísa innsendri tillögu um sölu á hlut sveitarfélaga í Orkugerðinni ehf. til stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands bs. og óskar eftir því að tillagan verði tekin til umfjöllunar á aukaaðalfundi Sorpstöðvar Suðurlands bs.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Erindi til sveitarstjórnar frá Almari Sigurðssyni

Fyrir liggur erindi frá Almari Sigurðssyni þar sem óskað er eftir upplýsingum og svörum vegna girðingaframkvæmda á árinu 2025.

Meirihluti sveitarstjórnar leggur fram eftirfarandi bókun:

Meirihluti sveitarstjórnar Flóahrepps bendir á að um er að ræða afréttarmálafélag Flóa og Skeiða sem kveðið er á um í 11. gr. fjallskilasamþykktar fyrir Árnessýslu austan vatna. Ekki er um að ræða nefnd á vegum sveitarfélagsins. Sveitarfélögin þrjú sem standa að félaginu, Sveitarfélagið Árborg, Flóahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur, kjósa alls átta fulltrúa til setu á afréttarmálafundum, þar af skipar Flóahreppur 4 fulltrúa.

Í framlögðu erindi til sveitarstjórnar er óskað eftir svörum og upplýsingum um girðingafrankvæmdir á árinu 2025.

Meirihluti sveitarstjórnar vill taka fram að stjórn afréttarmálafélagsins óskaði eftir fundi með fulltrúum frá öllum sveitarfélögunum í apríl og fór sá fundur fram þann 21.04.2026. Á fundinum voru sveitarfélögin upplýst um fjárhagsstöðu félagsins og mögulegar aðgerðir til að mæta þeirri stöðu. Á þeim fundi skýrði stjórn félagsins frá því að á undanförunum tveimur árum hafi verið nauðsynlegt að vinna úr uppsafnaðri þörf hvað varðar girðingamál á afréttinum.

Meirihluti sveitarstjórnar Flóahrepps lagði til að kosningu á fulltrúum í afréttarmálafélag Flóa- og Skeiða yrði frestað á síðasta fundi sveitarstjórnar þar sem meirihlutinn telur rétt að skoða hvort einn af þeim fjórum fulltrúum sem kosinn er sem fulltrúi frá Flóahreppi á afréttarmálafundum komi úr röðum sveitarstjórnar.

Meirihluti sveitarstjórnar Flóahrepps ber fullt traust til stjórnar afréttarmálafélags Flóa- og Skeiða og leitast áfram eftir góðri samvinnu við stjórn félagsins. Óski fyrirspyrjandi eftir frekari upplýsingum um málið bendir meirihluti sveitarstjórnar fyrirspyrjanda á að kalla eftir svörum hjá stjórn afréttarmálafélagsins.

Stefnt er að því að kosning fulltrúa Flóahrepps í afréttarmálafélag Flóa- og Skeiða fari fram eigi síðar en 15. ágúst.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

Almar Sigurðsson sat hjá.

10. Fundargerðir

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 343, dags. 03.06.2026
- b) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 255, dags. 04.06.2026
- c) Farsældarráðs Suðurland dags. 04.03.2026 og 09.04.2026
- d) Aðalfundar Eignarhaldsfélags Suðurlands dags. 17.05.2026
- e) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 998, dags. 08.05.2026, nr. 999, dags. 28.05.2026 og nr. 1000 dags. 09.06.2026
- f) Stjórnar SASS nr. 636, dags. 08.05.2026 og nr. 627, dags. 05.06.2026
- g) Byggðasafns Árnesinga nr. 22, dags. 18.05.2026
- h) Stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga nr. 218, dags. 05.05.2026 og nr. 219, dags. 05.05.2026
- i) Aðalfundar Afréttarmálafélags Flóa og Skeiða
- j) Stjórnar Listasafns Árnesinga bs. dags. 08.06.2026
- k) Stjórnar byggðasamlags UTU nr. 1, dags. 10.06.2026
- l) Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga nr. 91, dags. 02.03.2026 og nr. 92, dags. 10.04.2026

11. Efni til kynningar

- a) Aukaaðalfundur Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings dags. 18.06.2026
- b) Aukaaðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurlands dag. 25.06.2026
- c) Ársreikningur Hitaveitu Hraungerðishrepps sf. 2025
- d) Íþróttavika Evrópu 2026
- e) Evrópsk samgönguvika 16.-22. september
- f) Frá Innviðaráðuneytinu – Boð um þátttöku í samráði: Áform um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum (gjaldaákvæði hafnalaga)
- g) Frá Jafnréttisstofu – Landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga 17.09.2026
- h) Bréf frá SSK til Héraðsnefndar Árnesinga dags. 04.05.2026
- i) Frá Heilbrigðisnefnd Suðurlands – Vegna umsagnar um mál 568 og 582
- j) Frá Vegagerðinni – Breyting á hámarkshraða á Oddgeirshólavegi (304-01)
- k) Frá Vegagerðinni – Breyting á hámarkshraða á Hamarsvegi, vegur 308
- l) Næsti fundur sveitarstjórnar verður haldinn 9. júlí kl. 17:00

Sveitarstjórn tekur sumarfrí á sama tíma og sumarlokun skrifstofu stendur yfir og því fellur fundur þann 21. júlí niður.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

12. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók.

Árni Eiríksson (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Almar Sigurðsson (sign)

Hjalti Guðmundsson (sign)

Sigrún Hrefna Arnardóttir (sign)

Árni Eiríksson

Sigrún Hrefna Arnardóttir

Walter Fannar Kristjánsson

Hjalti Guðmundsson

Almar Sigurðsson